

Föstudaginn 6. júlí 1951.

Nr. 16/1949: **Alþýðusamband Íslands f. h.
Verklýðsfélags Stykkishólms**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Útvegsmannafélagi Stykkishólms

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Varadómari Eyjólfur Jónsson
í stað Helga Hannessonar.**

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms gegn Útvegsmannafélagi Stykkishólms með stefnu, dags. 6. sept. 1949. Stefndi krafðist í upphafi frávísunar, en með úrskurði dómsins 20. október 1949 var þeirri kröfu hans hrundið. Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að dæmt verði, að útvegsmönnum í Útvegsmannafélagi Stykkishólms sé skylt að greiða hlutarsjómönnum kr. 0.55 fyrir hvert kg. af óslægðum þorski vetrarvertíðina 1949. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. febrúar 1949 var undirritaður í Stykkishólmi samningur um kaup og kjör háseta á vélskipum frá Stykkishólmi vetrarvertíðina 1949. Að samningi þessum stóðu annars vegar Verklýðsfélag Stykkishólms, en hins vegar Útvegsmannafélag Stykkishólms.

Í 9. gr. samnings þessa segir svo:

„Útgerðarmanni skal skylt að kaupa fiskinn óslægðan á umsömdu verði, sem sé miðað við, að verð á þorski verði kr. 0.53 pr. kg. og taki fiskinn alla daga vikunnar.“

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 100 frá 19. desember 1948 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl. skal auglýsa svo fljótt

sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski og samkvæmt 9. gr. sömu laga er greiðsla þess fiskverðs, sem auglýst er samkvæmt 8. gr., skilyrði þess, að útgerðarmaður njóti þeirra ráðstafana og ábyrgðar, sem löggin annars heimila útgerðarmönnum í vil.

Þegar framangreindur samningur var gerður hinn 2. febrúar höfðu stjórnarvöld þau, er með mál þessi fóru, ekki ennþá gefið út auglýsingu um lágmarksverð samkvæmt 8. gr. laganna, en hinn 9. febrúar s. á. var slík auglýsing gefin út og var svo mælt í henni m. a., að lágmarksverð á óslægðum fiski skyldi vera kr. 0.55 hvert kg.

Eftir að auglýsingin frá 9. febr. 1949 um fiskábyrgðarverðið hafði verið birt, töldu sjómenn, að útgerðarmönnum væri skylt að greiða þorskinn því verði, sem hún kvað á um, en útvegsmenn töldu sér aðeins skylt gagnvart sjómönnum að greiða það verð, sem 9. gr. kjarasamningsins kvað á um, og er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint. Byggir hann dómkröfur sínar á því, að ákvæði framangreinds kjarasamnings um fiskverðið hafi átt að breytast sjálfkrafa til samræmis við það lágmarksverð, sem auglýst kynni að verða, og hafi báðum samningsaðiljum verið þetta ljóst, er samningurinn var gerður 2. febr. 1949.

Stefndi hefur hinsvegar eindregið mótmælt því, að nokkur ráðagerð hafi verið um það, þegar samningurinn frá 2. febr. 1949 var gerður, að verð það, sem hann tiltók, skyldi breytast til samræmis við það fiskverð, sem auglýst kynni að verða samkvæmt nefndum lögum, nr. 100 frá 1948. Telur hann, að hvorki ákvæði þeirra laga né útgáfa auglýsingarinnar frá 9. febr. 1949 hafi nokkur áhrif á ákvæði kjarasamningsins frá 2. febr. s. á. Greiðsla þess lágmarksverðs, sem auglýst hafi verið 9. febr., sé aðeins forsenda þess, að útgerðarmenn þeir, sem hlut eiga að máli, geti orðið aðnjótandi þeirrar aðstoðar í atvinnurekstri, sem löggin gera ráð fyrir, en skapi sjómönnum ekki sjálfstæðan rétt til þess lágmarksfiskverðs, sem auglýst sé.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir hendi eru í máli þessu, hefur stefnandi ekki fært sönnur að því, að áskilið hafi verið af hans hálfu við samningsgerðina 2. febr. 1949, að fiskverð

það, sem um var samið í 9. gr. samningsins, skyldi breytast til samræmis við þau ákvæði um fiskverð, sem stjórnvöld kynnu síðar að setja samkvæmt lögum nr. 100 frá 1948. Samningurinn sjálfur felur ekki heldur í sér slík ákvæði og ekki verður ráðið af ákvæðum nefndra laga, að fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þeim varðandi fiskverðið hafi út af fyrir sig átt að breyta eða koma í stað ákvæða í kjarasamningum milli verklýðsfélaga og vinnuveitenda.

Hinsvegar er það ekki á valdi þessa dóms, að skera úr um það, hvort sjómenn hafa með nefndum lögum sjálfstæðan rétt á hendur útvegsmönnum til þess lágmarksverðs á fiski, sem sett er samkvæmt ákvæðum laganna. En eftir því sem greinir í bréfi fiskábyrgðarnefndar, dags. 8. febr. þ. á., og samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni stefnda hér fyrir dómi, við munnlegan flutning málsins, hefur nefndin ekki enn tekið fullnaðarafstöðu til þess, hvort félagsmenn í Útvegsmannafélagi Stykkishólms geta notið þeirra hagsbóta, sem lög nr. 100/1948 heimila, ef þeir greiða ekki það lágmarksverð fyrir fisk vertíðina 1949, sem sett var með auglýsingunni 9. febr. s. á.

Samkvæmt framangreindu verður því niðurstaða máls þessa sú, að sýkna ber stefnda af dómkröfu stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af sameiginlegum frestum, sem umboðsmenn málsaðilja hafa fengið vegna sáttaumleitana í málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsmannafélag Stykkishólms, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
